

# STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1990

---

---

23. febrúar 1990

7

Nr. 4

## AUGLÝSING um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

Steingrímur Hermannsson fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.  
Jón Baldvin Hannibalsson fer með utanríkisráðuneytið.  
Guðmundur Bjarnason fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.  
Halldór Ásgrímsson fer með sjávarútvegsráðuneytið.  
Jóhanna Sigurðardóttir fer með félagsmálaráðuneytið.  
Jón Sigurðsson fer með iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.  
Júlíus Sólnes fer með umhverfissráðuneytið.  
Ólafur Ragnar Grímsson fer með fjármálaráðuneytið.  
Óli P. Guðbjartsson fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið.  
Steingrímur J. Sigfússon fer með landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið.  
Svavar Gestsson fer með menntamálaráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

*Forsætisráðuneytið, 23. febrúar 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

23. febrúar 1990

Nr. 5

## AUGLÝSING um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 23. febrúar 1990 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest svohljóðandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum.

## 1. gr.

Við bætist ný 13. gr. og töluröð síðari greina breytist til samræmis. Nýja greinin orðist svo:

Umhverfissráðuneyti fer með mál er varða:

1. Alhliða umhverfisvernd, eftirlit með náttúruvernd, gróðurvernd og mengunarvörnum svo og gerð landnýtingaráætlana í samráði við önnur ráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir.
2. Samræmingu aðgerða ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga við framkvæmd umhverfismála, svo sem varðandi löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.
3. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi um umhverfismál.
4. Umhverfissrannsóknir í samstarfi við stofnanir sem starfa að umhverfismálum.
5. Alþjóðasamskipti á sviði umhverfismála.

## 2. gr.

Í stað orðanna „2.–14. gr.“ í núverandi 15. gr. er verður 16. gr. komi: 2.–15. gr.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

*Forsætisráðuneytið, 23. febrúar 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

## L Ö G

**um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við lögin komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. skal gjalddagi bifreiðagjalds, vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní, vera 1. apríl 1990.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*